



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM SAMSTARF UM EFTIRLIT MEÐ STARFSEMI FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA



UMRÆÐUSKJAL

DRÖG AÐ REGLUM UM SAMSTARF UM EFTIRLIT MEÐ
STARFSEMI FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJA

2022 nr. 4

13. júní 2022

Almennar leiðbeiningar

Umræðuskjalið er sent umsagnaraðilum og þeim gefinn kostur á að koma á framfæri umsögn eigi síðar en 21. júní nk. Skjalið er einnig birt á vefsíðu Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlits), www.fme.is.

Umsagnaraðilar eru vinsamlegast beðnir um að skila umsögnum rafrænt á sérstöku umsagnareyðublaði sem útbúið hefur verið vegna draga þessara að reglum.

Umsagnareyðublaðið má nálgast á framangreindri vefsíðu með því að velja „Réttarheimildir“-flipann á forsíðu og velja svo flokkinn „Umræðuskjöl“. Umsagnareyðublaðið skal sent á netfangið skjalasafn@sedlabanki.is.

REGLUR

um samstarf um eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja.

1. gr. *Gildissvið.*

Reglur þessar gilda um samstarf eftirlitsstjórnvalda um eftirlit með starfsemi fjármálafyrirtækja samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002.

2. gr. *Samstarf um eftirlit og upplýsingaskipti.*

Um upplýsingaskipti Fjármálaeftirlitsins og annarra eftirlitsstjórnvalda vegna samstarfs um eftirlit skv. 109. gr. v. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, fer eftir reglugerðum (ESB) nr. 524/2014 og 620/2014, sbr. 3. gr.

Um starfsemi samstarfshópa eftirlitsstjórnvalda skv. 36. gr. a. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, fer eftir reglugerðum (ESB) 2016/98 og 2016/99, sbr. 3. gr.

3. gr. *Innleiðing reglugerða.*

Með reglum þessum öðlast eftirtaldar reglugerðir gildi hér á landi:

1. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 524/2014 frá 12. mars 2014 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla þar sem tilgreindar eru þær upplýsingar sem lögbær yfirvöld í heima- og gístiaðildarríkjum láta hvert öðru í té, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 69 frá 29. október 2020, bls. 94-102.
2. Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 620/2014 frá 4. júní 2014 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar upplýsingaskipti milli lögbærra yfirvalda í heima- og gístiaðildarríkjum samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 83/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 77.
3. Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/98 frá 16. október 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB að því er varðar tæknilega eftirlitsstaðla sem tilgreina almenn skilyrði fyrir starfsemi samstarfshópa eftirlitsaðila, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 59, með þeim aðlögunum sem leiðir af ákvörðuninni.
4. Framkvæmdareglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/99 frá 16. október 2015 um tæknilega framkvæmdarstaðla til að ákvarða rekstrarhlutverk samstarfshópa eftirlitsaðila samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2013/36/ESB, sem tekin var upp í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 80/2019 frá 29. mars 2019 sem birt er í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44 frá 2. júlí 2020, bls. 59.

Með vísan til heimildar í ákvæði til bráðabirgða III í lögum nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, sbr. lög nr. 57/2015, vísar Seðlabanki Íslands til birtingar enskrar útgáfu af reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 620/2014, 2016/98 og 2016/99 í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins (e. Official Journal of the European Union):

1. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32014R0620>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 172, þann 12. júní 2014, bls. 1-25,

2. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32016R0098>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 21, þann 28. janúar 2016, bls. 2-20,
3. <https://eur-lex.europa.eu/legal-content/EN/ALL/?uri=CELEX:32016R0099>, birt í OJ deild L, undirdeild R, nr. 21, þann 28. janúar 2016, bls. 21-44.

4. gr.

Gildistaka.

Reglur þessar, sem settar eru með heimild í 6. og 7. tölul. 1. mgr. 117. gr. b laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, öðlast gildi 1. júlí 2022.